

frá 9. júlí 1901, er Halldóra var tekin til sveitar, til 6. apríl 1902, er þjer álitid, **39**  
 að vist hennar hjá Jósías Fr. Bjarnasyni á Haga hafi verið á enda, því að stúlkan 3. marz  
 var tekin frá heimili hans 9. júlí 1901, og frá þeim tíma má telja að hún hafi  
 notið sjerstaklegrar aðhjúkrunar, en enginn húsbóndi gæti skyldast til að borga  
 fæðispeninga með hjúi sinu veiku, sem yrði tekið úr heimili hans til sjerstak-  
 legrar hjúkrunar og aðgæzlu annarsstaðar. Þar sem þjer getið þess, að þess hafi  
 eigi verið gætt, sem fyrirmælt sje í 26. gr. fyrnefndrar tilskipunar, að því leyti,  
 sem húsbóndi Halldóru hafi eigi beðið hreppsnefndina, að endurgjalda þann kostnað,  
 sem leiddi af sjerstaklegri aðhjúkrun, þá hefur þetta vitanlega legið í beiðni hans  
 um, að Halldóra yrði tekin til sveitarframfærslu. Yfirleitt liggja þar að auki alls  
 eigi greinilegar upplýsingar fyrir um vistarráð Halldóru hjá Jósías Fr. Bjarna-  
 syni, sem er dáinn; sjerstaklega er óvissa um skildagann, sem átti að vera ein-  
 hverntíma á einmánuði og sem miðaður hefur verið við 6. apríl, og um kaup  
 Halldóru \*er ekkert upplýst. Þar sem þjer einnig álitid, að draga eigi frá kröf-  
 unni fæðispeninga eða matarverð fyrir tímann frá 6. apríl 1902 til 20. maí  
 1902 vegna þess að Halldóra, eptir staðhæfingu hreppsnefndarinnar í Miklaholts-  
 hreppi, hafi þá verið heilbrigð og unnið fyrir fæði, þá liggur alls eigi fyrir nein  
 sönnun fyrir því; hún hefur þann tíma verið á vegum sveitarinnar, enda eru litil  
 líkindi til þess að hún hafi verið vinnufær uppúr langvinnri brjálsemi, en Mikla-  
 holtshreppur hefði að líkindum komizt hjá að greiða þessa upphæð, hefði nefndin  
 þar eigi dregið málið um skör fram.

Jeg get heldur eigi álitid, að meðgjöfin með Halldóru hafi verið of há, og  
 að ástæða sje til þess að færa hana niður, en eptir því, sem ástandi hennar er  
 lýst í bréfi hreppsnefndaroddvitans í Barðastrandarhreppi, sjera Bjarna prófasts  
 Símonarsonar á Brjánslæk, dags. 27. febr. 1902, hlýtur hún á stundum að hafa  
 verið mjög erfiður ómagi, enda segir sýslumaður um hana, að hún hafi verið  
 trylltur og æðisgenginn vítfirringur; að því leyti er snertir það atriði, að lækni  
 hafi eigi verið sóttur til hennar, heldur aðeins álits lækni sje leitad um hana,  
 þá verð jeg að álita, að hjer var enginn efi fyrir höndum um brjálsemi stúlk-  
 unnar, sem hverjum manni var augljós og það hefði verið alveg þýðingarlaust  
 að láta lækni sjá hana, en engin tók voru á því að hafa hana undir stöðugu  
 eptirliti lækni.

Jeg verð þannig að álita, að framlag Barðastrandarhrepps með stúlkunni  
 Halldóru Stefaniu Guðmundsdóttur sje löglegur og hæfilega veittur fátækrastrykur,  
 og er hjer með ákveðið, að Miklaholtshreppur skuli endurgjalda fyrnefndum hreppi  
 243 kr. 4 aura.

Jafnframt því þjenustusamlega að tjá yður þetta, yður til leiðbeiningar og  
 birtingar fyrir hreppsnefndinni í Miklaholtshreppi, skal jeg mælast til þess, að  
 þjer vilduð annast um, að hún greiði sem fyrst nefnda upphæð.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappa- 40**  
**dalssýslu um endurgjald á veittum sveitarstyrk.** 8. marz

Sýslumaðurinn í Dalasýslu hefur skotið til stjórnarráðsins ágreiningi milli  
 yðar, herra sýslumaður, og hans um kröfu Haukadalshrepps á hendur Neshreppi

**40** innan Ennis til endurgjalds á fátækrastryrk, að upphæð 128 kr., er hinn fyrnefndi 8. marz hreppur veitti Bergsveini nokkrum Sveinssyni fardagaárið 1901—1902, og er svolátandi úrskurður lagður á mál þetta.

Bergsveinn Sveinsson var vinnumaður á Hömrum í Haukadalshreppi árið 1900—1901. Eptir krossmessu 1901 stóð hann uppi vegalaus og þrotinn að heilsu. Fór hann þá til Ólafsvíkur til hreppsnefndarinnar í Neshreppi innan Ennis, sem talinn var framfærsluhreppur hans, og leitaði þar ásjár, en hreppsnefnd þessi kannaðist eigi við sveitfesti hans af þeirri ástæðu, að eigi væri sannað að hann væri fæddur þar í hreppi. Bergsveinn fór þá aftur vestur í Haukadalshrepp og tók hreppsnefndin þar hann á sveitarframfæri um mánaðamótin maí og júní 1901. Hinn 9. sept. s. á. hjelt sýslumaðurinn í Dalasýslu rjettarpróf yfir Bergsveini um æfiferil hans og sendi síðan eptirrit af því til yðar áleiðis til Neshrepps innan Ennis með fyrirspurn um, hvort hreppur þessi nú eigi vildi viðurkenna sveitfesti Bergsveins. Hreppsnefndin neitaði sem áður, en þegar henni síðar barst vottorð af landsskjalasafninu úr kirkjubókum Nesþinga um að Bergsveinn væri skírðnr í Ólafsvík, kannaðist nefndin við, að hann ætti þar sveit; barst sú viðurkenning hreppsnefndinni í Haukadalshreppi í desembermánuði 1902 og 1. febr. 1903 sendi nefndin sýslumanni Dalasýslu reikning yfir kostnaðinn við Bergsvein frá fardögum 1901. Var hann svo 24. maí 1903 fluttur á sveit sína. Krafa Haukadalshrepps á hendur Neshreppi innan Ennis er samtals að upphæð 248 kr. Neshreppur hefur með öllu neitað að greiða hana, en þjer hafð með sjerstöku tilliti til þess að þjer í brjefi, dags. 30. júní 1902, tilkynntuð Neshreppi að Bergsveinn væri á fátækraframfæri í Haukadalshreppi, verið sammála sýslumanninum í Dalasýslu um það, að Neshreppi beri að greiða tjeða uppbæð að frádregnum 128 kr., sem er upphæð meðlagsins með Bergsveini fardagaárið 1900—1901, því þenna hluta styrksins álitid þjer að Haukadalshreppur geti ekki átt heimtingu á að fá endurgoldinn vegna þess að veiting hans hafði eigi verið tilkynnt í tíma. Sýslumaðurinn í Dalasýslu hefur aptur á mót haldið því fram, að Haukadalshreppi hafi eigi verið skylt að tilkynna styrkveitinguna fyr en vissa væri fengin um það, hvar framfærslusveit Bergsveins væri.

Með því nú að eigi sjest af skjölum málsins, að Neshreppi hafi verið tilkynnt, að Bergsveinn væri kominn á sveitarframfæri, um leið og spurzt var fyrir um sveitfesti hans og engin heimild er til að biða með tilkynningar á sveitarstyrk, þótt ekki sje útgert um sveitfesti styrkþega, verður stjórnarráðið að vera yður samdóma um, að hinn umræddi styrkur til Bergsveins fardagaárið 1901—1902, að upphæð 128 kr., hafi verið of seint tilkynntur framfærslusveitinni Neshreppi innan Ennis og skal tjeður hreppur því eigi skyldur að endurgreiða Haukadalshreppi þennan hluta styrksins.

Þetta er yður hjrmeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir hreppsnefndinni í Neshreppi innan Ennis og skal um leið skorað á yður. að sjá um, að tjeð hreppsnefnd greiði hinn hluta framlagsins, 120 kr., án dráttar.